

# Lýðræði



„Enginn maður fæðist sem fyrirmyndarborgari, ekkert ríki fæðist sem lýðræðisríki. En í báðum tilvikum er um að ræða ferli sem er í stöðugri þróun. Ungmennirnir verða að taka þátt í því allt frá fæðingu.“<sup>7</sup>

Kofi Annan

Lýðræði byggist á kerfisbundinni reglusmið fyrir hóp manna. Lýðræði eða „demókrati“ á rætur sínar að rekja til gríska orðsins *demos* – sem þýðir fólk, lýður – og *kratos* sem þýðir vald. Lýðræði er því oft skilgreint sem „reglur fólksins“; með öðrum orðum, sem kerfi þar sem fólk sjálft býr til reglunar sem því ber að hlýða.

Er slíkt kerfi mögulegt og gæti það verið heppilegur kostur við ákvarðanatökur? Hvers vegna varð þessi hugmynd upprunalega til og hvers vegna er lýðræði nú talið vera eina kerfið sem vert er að gefa gaum, að mati flestra jarðarbúa? Er eitthvert vit í því að allir séu við stjórnvölinn?

## Hvers vegna lýðræði?

Tvær grundvallarreglur liggja að baki hugmyndinni um lýðræði og skýra hvers vegna hún höfðar til fólks í svo ríkum mæli:

1. reglan um sjálfstæði einstaklingsins: að engum skuli gert að fylgja reglum sem aðrir hafa þröngvað upp á hann.
2. reglan um jafnrétti: að allir skuli hafa sömu möguleika á að hafa áhrif á ákvarðanir sem snerta fólk í samfélaginu.

Báðar þessar reglur höfða augljóslega til allra, og lýðræðislegt stjórnkerfi er eina kerfið sem viðurkennir þær sem grundvallaratriði, a.m.k. fræðilega séð. Önnur kerfi, svo sem fámennisstjórn, auðvaldsstjórn eða einræðisstjórn, brjóta yfirleitt í bága við báðar þessar reglur; þar er tilteknum samfélagshópi fengið vald og þeir aðilar taka síðan ákvarðanir fyrir hönd annarra samfélagsþegna. Þá er hvorki jafnrétti né sjálfstæði einstaklingsins virt.

Reglurnar tvær sem getið er um hér að framan eru notaðar til að færa siðferðisleg rök fyrir lýðræðinu og báðar eru þær í raun lykilatriði á sviði mannréttinda, en nærtækari ástæðum er oft beitt í rökstuðningi fyrir lýðræðislegu stjórnkerfi.

1. Því er oft haldið fram að lýðræðið sé skilvirk stjórnun aðferð því að líklegt sé að fólk virði þær ákvarðanir sem teknar eru. Fólk brýtur yfirleitt ekki sínar „eigin“ reglur.
2. Einnig er líklegt að þjóðin samþykki ákvarðanirnar því að þær hafa verið teknar

## Tengd verkefni

- Atkvæðasmölun, bls. 81.
- Sköpum tengsl, bls. 218.
- Að kjósa eða sitja hjá?, bls. 69.
- Stéttarfélagshandur, bls. 226.

eftir að ýmsir flokkar og hópar hafa komist að samkomulagi; reglurnar væru ekki raunhæfar ef stór hluti þjóðarinnar hefði ekki samþykkt þær. Því er um eins konar innra eftirlit að ræða með lagasetningu sem lýðræðislega kosin stjórn þarf að taka mið af.

3. Einnig er gert ráð fyrir því að lýðræðinu fylgi meira frumkvæði og það sé því mót-tækilegra fyrir breytingum því að „betur sjái auga en auga“.



**Finnst þér þú „eiga hlutdeild“ í þeim reglum sem gilda hér á landi? Hver er ástæða þess?**

### Góð kenning ...

Auðvitað er ekki hægt að ætlast til að allir samfélagsþegnar taki þátt í reglasmíðinni og þeir myndu heldur ekki vilja það, svo að víða um lönd er kerfið þannig að borgararnir tilnefna fulltrúa til að taka ákvarðanir fyrir sína hönd, þ.e. fulltrúalýðræði fremur en beint lýðræði (þátt-tökulýðræði). Fræðilega séð hafa allir jafna möguleika á að velja þann aðila sem þeir telja að muni gæta hagsmuna þeirra best. Þar með er farið að jafnréttisreglunni.

Þannig hefur þetta ekki alltaf verið: Í árdaga lýðræðisins hjá Forn-Grikkjum var konum og þrælum ekki leyft að taka þátt í kosningum, og auðvitað ekki börnum. Nú á dögum hafa konur víðast hvar öðlast kosningarétt en þó er tiltölulega stutt síðan þeirri baráttu lauk.

Aðrir samfélagshópar, svo sem innflytjendur, fangar og börn, hafa yfirleitt ekki kosningarétt, enda þótt þeim beri að hlýða landslögum.



**Er í einhverjum tilvikum réttlætanlegt að meina tilteknum samfélagshóp-um þátttöku í lýðræðinu?**

### Umsjón með lagasmíðinni

Ef jafnréttisreglan er að öllu jöfnu virt nú á dögum, a.m.k. í kosningum, hvernig háttar þá til um fyrstu regluna, um sjálfstæði í lýðræðisríkjum? Að hve miklu leyti finnst einstaklingum í þessum samfélögum sem þeir eigi hlutdeild í þeim lögum sem fulltrúar þeirra setja? Svarið hér er ekki nálægt því eins uppörvandi. Flestir íbúar lýðræðisríkja um allan heim myndu halda því fram að landslögum hefði verið „þröngvað“ upp á þá af ráðamönnum sem bæru ekki hagsmuni þeirra fyrir brjósti. Hefur þá framkvæmd fyrri reglunnar mistekist?



**Getur fólk sem býr við fulltrúalýðræði í raun og veru ráðið einhverju um þær ákvarðanir sem teknar eru í umboði þess?**

Það má í ýmsum skilningi segja að fólk ráði að einhverju leyti lagasetningarferlinu í fulltrúa-lýðræðinu. Enn á ný skal litið til fyrirmyndarinnar, jafnvel þótt hún virðist ekki endurspegla nákvæmlega stjórn málaástandið í mörgum löndum. Með því móti má í það minnsta skilgreina vandann og koma með tillögur um hvernig megi leysa hann.

1. Borgararnir hafa áhrif á lagasetningarferlið vegna þess að þeir kjósa þá aðila sem setja lög. Fræðilega séð kjósa borgararnir um ýmsa fulltrúa til að fara með umboð sitt. Þannig geta þeir valið þann einstakling sem er með stefnuskrá sem samræmist best hagsmunum þeirra.
2. Stjórn málamenn þurfa að ná kjöri aftur. Á kjörtímabilinu vita þeir sem fara með

„Einn kjörseðill er öflugri en byssukúla.“

*Abraham Lincoln*

„Tvær ástæður til að fagna lýðræðinu: Í fyrsta lagi við-urkennir það fjölbreytni og öðru lagi leyfir það gagnrýni. Tvær ástæður eru meira en nóg, það er engin þörf fyrir þrjár.“

*E.M. Forster*

löggjafarvaldið að í næstu kosningum verða þeir dæmdir af gerðum sínum og ættu því ekki að styðja lagasetningu sem ljóst er að almenningur er á móti. Hér er um eins konar þögult eftirlit að ræða.

3. Borgararnir hafa almennt næga möguleika á að sýna í verki óánægju sínu með tiltekna stefnu eða löggjöf, og senda þannig þeim fulltrúum sínum sem fjalla um málið skilaboð.
4. Einnig geta borgararnir haft jákvæð áhrif á lagasetningarferlið með því að eiga viðræður við stjórnámamenn, annaðhvort sem aðilar að frjálsum félagasamtökum eða öðrum þrýstihópum og ráðgefandi samtökum.
5. Loks er sérhverjum einstaklingi frjálst að bjóða sig fram til kosninga ef honum finnst enginn frambjóðandi hæfur til að gæta hagsmuna sinna.

### Frjálsar og réttlátar kosningar skila árangri

Kosningar eru aðferð til að stýra löggjafanum og það kemur, a.m.k. fræðilega, fram í því að stjórnámamenn finna sig knúna til að taka tillit til kjósenda sinna í öllum sínum gjörðum. Slík aðferð krefst þess augljóslega að kosningar séu frjálsar og réttlátar, en annað grundvallaratriði sem kann að vera enn mikilvægara er að stjórnámamenn trúu því að kjósendur láti þá gjalda þess ef þeir gæta ekki hagsmuna þeirra sem skyldi. Stjórnámamenn þurfa ekki að gæta hagsmuna sem ekki samræmast þeirra eigin hagsmunum nema þeir óttist að kjósendur refsu þeim. Kerfið veltur á hugmyndinni um virka stjórnsýslu; það veltur því í raun á því að kjósendinn beiti þessum viðurlögum af og til eða virðist í það minnsta reiðubúinn til að gera slíkt.

Því þarf kerfi ekki endilega að verða lýðræðislegt þó að þar fari fram „kosningar“. Skipulegar kosningar stuðla aðeins að lýðræðislegu kerfi þegar kjósendur nota þær til að kalla fulltrúa sína til ábyrgðar. Mikið sinnuleysi kjósenda í flestum lýðræðisríkjum í upphafi tuttugustu og fyrstu aldar dregur úr virkni þessa aðhalds.

Það vekur einnig spurningar um lögmæti svokallaðra lýðræðislega kjörinna stjórnvalda, sem í sumum tilvikum eru í raun kosin af minnihluta kosningabærra manna.

„Vilji þjóðarinnar skal vera grundvöllur að valdi ríkisstjórnar. Skal hann látinn í ljós með reglubundnum, óháðum og almennum kosningum, enda sé kosningarréttur jafn og leynileg atkvæðagreiðsla viðhöfð eða jafngildi hennar.“

*Mannréttindayfirlýsingin,  
21. gr., 3. mgr.*

### Kosningar og sinnuleysi

„Stokkhólmi, 17. maí (IPS) – Sinnuleysi kjósenda varð til þess að fyrstu þingkosningum Sama í Svíþjóð var ekki fagnað sem skyldi ... lítil þátttaka var í kosningunum á sunnudaginn, innan við helmingur 12.000 kosningabærra manna greiddi atkvæði.“ *InterPress Third World News Agency (IPS), 1993.*

„Mikið bakslag er þegar fyrirsjáanlegt í þingkosningunum í Vladivostok sem fara munu fram hinn 17. desember þar sem tólf frambjóðendur drógu sig til baka vegna lélegrar þátttöku í fyrri kosningum.“ *Vladivostok Daily, 29. nóvember 2000.*

„Þó að kosninganiðurstöður sýni vinstrisveiflu, þá segir fjöldi kjósenda sem ekki greiddu atkvæði meira um stjórn málaástandið í Rúmeníu. Kosningaþátttaka var minni en nokkru sinni fyrr, aðeins 44,5%, en var 56,4% árið 1996.“ *Central Europe Review, 12. júní 2000.*

„Þátttaka í almennu þingkosningunum í Bretlandi hefur ekki verið minni í áttatíu ár, en aðeins um 60% kjósenda greiddu atkvæði. Einnar minnst var þátttakan í Liverpool Riverside þar sem aðeins um 34,1% kjósenda greiddi atkvæði. Skoðanakannanir um allt land sýna að fólk á aldrinum 18–25 ára hefur minnstan áhuga á kosningunum.“ *BBC, 9. júní 2001.*

„Þó að heildarþátttaka í þingkosningunum í Slóvakíu árið 1994 hafi verið yfir 70% er talið að kosningaþátttaka fólks á aldrinum 18–25 ára hafi aðeins verið um 20%. *Rock volieb, 1998.*

## Lýðræðið í heiminum

Lýðræðið er eins mismunandi og lýðræðisríkin eru mörg í heiminum. Engin tvö kerfi eru nákvæmlega eins og ekki er hægt að benda á eitt kerfi fremur en annað sem „fyrirmynd“ í þeim efnum. Til er forsetalýðræði og þingræðislegt lýðræði; lýðræði ríkjasambanda eða eins ríkis; lýðræði sem beita allsherjaratkvæðagreiðslu í flestum málum; lýðræði þar sem haft er mismunandi mikið samráð við utanaðkomandi stofnanir; lýðræði þar sem hlutfallskosningar fara fram annars vegar og hins vegar meirihlutakosningar – eða þar sem þessu tvennu er blandað saman, o.s.frv.

Öll þessi kerfi geta talist vera „lýðræðisleg“ vegna þess að þau byggjast, að minnsta kosti að nafninu til, á reglunum tveimur sem getið er um hér að framan: jafnrétti allra borgara og rétti hvers einstaklings til persónulegs sjálfstæðis að vissu marki. Það er vissulega ekki raunhæft að líta svo á að „sjálfstæði“ merki að hver og einn geti gert það sem honum sýnist, en þar sem allir borgarar hafa jafnan kosningarétt viðurkennir kerfið í það minnsta að sérhver einstaklingur geti valið að eigin geðþótta og eigi rétt á að tillit sé tekið til þess sem hann velur. Síðan veltur mikið á því hvað borgararnir leggja til málanna.

Engu að síður, og enda þótt nánast allar þjóðir heims segist vera „lýðræðisríki“, þá leikur enginn vafi á því að öll lýðræðiskerfi sem nú eru við lýði gætu verið mun lýðræðislegri en þau eru í raun, og það þurfa þau að öllum líkindum að vera, hvert og eitt.

## Vandi lýðræðisins

Staða lýðræðisins er almennt áhyggjuefni í upphafi tuttugustu og fyrstu aldar. Miklum áhyggjum veldur hin litla kosningaþátttaka fólks sem virðist benda til áhugaleysis borgaranna og grefur undan lýðræðinu með ýmsu móti eins og hér hefur verið fjallað um.

Enda þótt þetta sé vissulega áhyggjuefni benda aðrar rannsóknir til að þátttaka fólks sé að aukast annars staðar, t.d. innan þrýstihópa, borgaralegra samtaka, samráðshópa o.s.frv. Slík þátttaka er ekki síður mikilvæg fyrir lýðræðið en kosningaþátttaka, jafnvel enn mikilvægari. Kosningar eru þegar öllu er á botninn hvolft ónákvæm leið til tryggja að hagsmuna fólks sé gætt og þau fjögur eða fimm ár sem yfirleitt líða milli kosninga eru langur tími þegar litið er til aðhalds við stjórnvöld. Fólk er fljótt að gleyma!

Enn má nefna tvö vandamál í tengslum við fulltrúalýðræðið sem eru öllu flóknari, og varða hagsmuni minnihlutahópa. Annars vegar eru hagsmunir minnihlutahópa oft ekki nægilega vel kynntir í kosningakerfinu: slíkt getur gerst ef aðilar innan þeirra eru of fáir til að uppfylla lágmarksskilyrði fyrir framboði, en algengara er að slíkt eigi sér stað vegna þess að kosningakerfin gera oftast ráð fyrir að sigurvegararnir „fái að ráða ríkjum“. Hinn vandinn er sá að jafnvel þótt minnihlutahópar eigi fulltrúa á þingi eru þeir yfirleitt svo fáir að það fæst aldrei nægur atkvæðafjöldi til að sigrast á meirihlutunum. Þetta er ástæða þess að lýðræðið er oft kallað „meirihlutastjórn“.

Ekki er hægt að reiða sig á að lýðræðið sjálf leysi síðarnefnda vandann. Það er alveg hugsanlegt – og hefur ótal sinnum átt sér stað – að meirihlutinn taki ákvarðanir sem skaða minnihlutann. Sú staðhæfing að slíkt sé „vilji þjóðarinnar“ réttlætir ekki slíkar ákvarðanir. Aðeins er hægt að verja grundvallarhagsmuni minnihlutans jafnt sem meirihlutans með því að fara að mannréttindareglum, sem fylgt er eftir með skilvirkri löggjöf – hver svo sem vilji meirihlutans kann að vera.

## Lykildagsetning

**10. desember**  
Alþjóða mannréttindadagurinn

„Hér á Norður-Írlandi fara fram umræður um nýja réttindaskrá. Mig langar til að tengja réttindin í þessu frumvarpi lífi ungmennanna í klúbbum okkar.“

Tara Kinney frá Norður-Írlandi, tók þátt í „Forum on Human Rights Education“, 2000.

„Lýðræðið gengur út frá þeirri kenningu að almenningur viti hvað hann vill og fái það sem hann á skilið.“

H.L. Mencken

## Við berjumst fyrir:

**frelsi og mannréttindum** svo að hver og einn, konur og karlar, fái notið stjórn mála legra réttinda til fulls, án þess að vera mismunað vegna þjóðfélagsstéttar, kynferðis, trúarbragða eða kynþáttar.

**jafnrétti** og gegn hvers konar mismunun einstaklinga; fyrir félagslegu réttlæti; fyrir jafnrétti kynjanna; fyrir jöfnum tækifærum og jöfnu aðgengi að menntun.

**lýðræði** sem byggist á reglunum um frelsi og jafnrétti, og gegn valdboðsstefnu, lýðhyggju og einveldi; fyrir sjálfstjórnarréttinum og tjáningarfrelsi allra.

**almennri samstöðu**, vegna þess að við trúum því að með samtakamætti geti einstaklingurinn öðlast frelsi.  
**pólítískum lausnum** á vanda, vegna þess að við trúum því að mennirnir geti breytt heiminum.

## Heimildir

Beetham, D., Democracy and Human Rights, Polity Press, 1999.

International Institute for Democracy, [www.iidemocracy.coe.int](http://www.iidemocracy.coe.int).

Inter-Parliamentary Union, [www.ipu.org](http://www.ipu.org).

Lijphart, A., Patterns of Democracy, Yale University Press, 1999.

Politeia Network for Citizenship and Democracy in Europe, [www.politeia.net](http://www.politeia.net).

Rock Volieb, Slovakia, [www.rockvolieb.sk](http://www.rockvolieb.sk).